

BORGARRÁÐ 14. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lokun skólabygginga fyrir þeim sem ekki eiga þangað erindi – MSS23090082

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð beini því til skóla- og frístundasviðs að skoða hvernig hægt sé að loka skólabyggingum fyrir öllum þeim sem ekki eiga þangað erindi eða eru í boði skólanna sjálfra. Þeir einu sem eiga erindi í skóla eru starfsfólk, börnin og foreldrar. Aðrir sem eiga erindi s.s. sem á fundi hafa fengið um það boð. Í raun eru dyr leik- og grunnskóla opnar öllum eins og fyrirkomulagið er dag. Hver sem er getur í raun gengið inn óáreittur. Vísað er í að niðurstöður skólaþings sem fram fór í Austurbæjarskóla á síðasta skólamisseri sem sýna að nemendur í Austurbæjarskóla telja aðgengi inn í skólann of auðvelt. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að komið verði upp öryggismyndavélum þar sem börn koma saman til náms og starfa. Sumir skólar eru komnir með slíkan búnað. Öryggis- og eftirlitsmyndavélar eru vissulega engin hindrun en hafa fælingarmátt og skólayfirvöld geta brugðist fyrir við ef óboðinn gestur er mættur á svæðið. Umræða um öryggisverði í grunnskólum hefur vissulega komið til tals og vill Fulltrúi Flokks fólksins sjá þá umræðu fá meiri dýpt og skoðun. Það skiptir miklu máli að starfsfólk okkar sé öruggt í því umhverfi og fylgi þeim viðmiðum sem menntamálaráðuneytið og sveitarfélagið boðar.